

Mánudaginn 4. febrúar 1991.

Nr. 54/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Daníel Jóhannesi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1991. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 31. janúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 31. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn svofelldur úrskurður.

Málsatvik.

Þann 4. janúar 1991 kom Daníel Jóhannes Pétursson, kt. 170371-5779, til heimilis að Suðurrhólum 22, Reykjavík, hingað til lands frá Lúxemborg. Var þá gerð leit á honum og í farangri hans, og einn marihuanavindlingur fannst.

Eftir þetta fóru lögreglu að berast upplýsingar um, að Daníel stæði í dreifingu og sölu á fíkniefnum. Var jafnvel talið, að hann hefði yfir að ráða talsverðu magni af hassi.

Í framhaldi af þessu hóf lögregla að fylgjast með ferðum Daniels, og var honum fylgt eftir að heimilum margra þekktra fíkniefnaneytenda. Einnig fylgdi lögregla Daníel margsinnis eftir að Skipholti 35, Reykjavík, og fljótlega eftir að hann kom þangað, fóru þekktir fíkniefnaneytendur að leggja leið sína þangað. Þótti lögreglu þetta benda til þess, að fíkniefnasala færi fram þaðan.

Þann 23. janúar sl. var Daníel handtekinn. Er Daníel varð lögreglunnar var í umrætt sinn, kastaði hann pakka út úr bifreiðinni (sic), og við athugun lögreglu reyndist þetta vera 39,5 g hassplata.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvað Daníel þetta vera afgang 50 g af hassi, er hann flutti hingað til lands þann 4. janúar sl.

Í gær var Daníel handtekinn. Við leit í bifreið hans fundust 8,1 g af ætluðu hassi, og Daníel vísaði síðan á 81,4 g af hassi í Fossvogskirkjugarði.

Við yfirheyrslu í framhaldi af ofangreindu kvaðst Daníel hafa flutt hingað til lands 250 g af hassi þann 4. janúar sl. Efnið hafi hann síðan falið í Fossvogskirkjugarði.

Lögregla hefur alls lagt hald á um 180 g af hassi frá Daníel. Afganginn kvaðst Daníel hér fyrir dómi í dag hafa notað sjálfur.

Daníel gengur með símboða, er lögregla hefur fengið upplýsingar um, að hann noti við fíkniefnasölu.

Eftir að lögregla handtók Daníel og fékk þá símboðann í hendur, hafa símanúmer fjölda þekktra fíkniefnaneytenda komið á skjá hans. Þetta þykir lögreglu benda til þess, að fyrrnefndar upplýsingar séu réttar.

Efnið, er Daníel vísaði á í Fossvogskirkjugarði, mun vera af annarri gerð en það efni, er lögregla áður hafði lagt hald á. Daníel hefur sagt hjá lögreglu, að þau 250 g af hassi, er hann flutti inn þann 4. janúar sl., hafi verið eins að lögun og lit. Þetta þykir lögreglu benda til þess, að Daníel hafi aðgang að öðrum fíkniefnabirgðum.

Efnið, er fannst í Fossvogskirkjugarði í nótt, var að hluta til óvarið fyrir bleytu og óhreinindum, og því telur lögregla, að það hafi ekki verið geymt þar eins lengi og Daníel vill vera láta.

Lögregla telur einnig ósennilegt, að Daníel hafi flutt efnið heim í farangri sínum þann 4. janúar sl., þar sem mjög ýtarleg leit var gerð í farangri hans við komu hingað til lands og m.a. í þeirri gjafapakkingu, sem hann segir efnið hafa verið falið í.

Af hálfu lögreglu er talið rannsóknarlega (sic) brýnt, að yfirheyrðir verði allir þeir, sem grunaðir eru um að hafa keypt fíkniefni af Daníel og lögregla hefur séð leggja leið sína að Skipholti 35, — einnig þeir aðilar, er sent hafa Daníel skilaboð í símboðanum, og þeir aðilar, sem lögregla hefur fylgt Daníel eftir heim til.

Af hálfu lögreglu yfirvalda í Reykjavík hefur verið gerð krafa um, að

margnefndum Daníel verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 mánudaginn 11. febrúar nk.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Nefndur Daníel hefur við lögregluþyrifheyrslur og hér fyrir dómi viðurkennt fíkniefnainnflutning, sem ætla má, ef sannaður teldist, að myndi varða hann fangelsisrefsingu.

Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við framkominni kröfu lögregluþyrifvalda og ákvarða, að Daníel Jóhannes Pétursson skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 15,41 að telja fimmtudaginn 31. janúar 1991 og allt til kl. 15,00 mánudaginn 11. febrúar 1991.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Daníel Jóhannes Pétursson, kt. 170371-5779, til heimilis að Suðurhólum 22, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 15,41 að telja fimmtudaginn 31. janúar 1991 og allt til kl. 15,00 mánudaginn 11. febrúar 1991.
